

# STARF Á SKRIFSTOFU

Herjólfur ohf. auglýsir eftir starfsmanni á skrifstofu félagsins í Vestmannaeyjum. Við leitum að starfsmanni sem er drifandi og jákvæður með viðeigandi menntun og mikla þekkingu á bókhaldi og launabókhaldi. Um nýtt starf er að ræða og heyrir viðkomandi undir framkvæmdastjóra. Starfið er fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil
- Þekking og reynsla á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds er skilyrði
- Þekking og reynsla á launabókhaldi er skilyrði
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta og færni í Excel og DK

## HELSTU VERKEFNI

- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og gerð ársreiknings
- Færsla bókhalds, afstemmingar og uppgjör
- Þátttaka í gerð fjárhags- og rekstraráætlana
- Greiningarvinna, kostnaðareftirlit og gerð rekstraryfirlita
- Umsýsla með reikninga og samþykktir þeirra
- Umsjón með og ábyrgð á launabókhaldi, þ.m.t. útreikningi og greiðslu launa og skilum launatengdra gjalda
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila.
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og yfirvöld er tengjast stöðu í bókhaldi og uppgjörum.
- Eftirlit með innheimtu og öðrum þáttum er tengjast bókhaldi
- Miðlun upplýsinga úr bókhaldskerfinu
- Reikningagerð
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hörður Orri Grettisson í síma 692-5367 eða á netfanginu: [hordur@herjolfur.is](mailto:hordur@herjolfur.is).

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda og kynningarbréf og skal umsóknum skilað á netfangið [hordur@herjolfur.is](mailto:hordur@herjolfur.is) og merkja „starf á skrifstofu“.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2021.**